

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Óxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. mars 2006 staðfest sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Óxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.
- Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna verkefnisstjórnar, sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega, samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2006.

Jón Kristjánsson.

Guðjón Bragason.